

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
152. fundur

Miðvikudaginn 8. ágúst 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum kl. 13.00. Þorleifur Ingvarsson stjórnaði fundi. Sigrún Hauksdóttir ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

**Dagskrá:**

**1. Ráðning sveitarstjóra.**

**2. Fundargerðir:**

- a) Fjallskilastjórnar Auðkúluheiðar, dags. 15. júní 2014.
- b) Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 12. júní 2014.
- c) Stjórnarfundur Fasteigna Húnavatnshrepps ehf, dags 18. júní 2014
- d) Aðalfundar Ferðamálafélags A-Hún, dags 7. maí 2014
- e) Aðalfundar Auðkúluheiðar ehf, dags 17. júlí 2014
- f) Stjórnarfundur Auðkúluheiðar ehf, dags 18. júlí 2014
- g) Fundar vegna ágreinings um fjallskilamál, dags 28. júlí 2014

**3. Bréf:**

- a) Frá Hólmgeiri Pálssyni. dags 3. maí 2014.
- b) Frá Þórkötlunni Þórisdóttur, dags. 2. júlí 2014
- c) Frá Birgi Ingþórssyni, dags. 6. júlí. 2014.
- d) Frá Sigurði Erlendssyni, dags. 8. júlí. 2014
- e) Frá Sambandi ísl sveitarfélaga, dags. 4. júlí 2014.
- f) Frá Landgræðslu ríkisins, dags. 16. júlí. 2014.
- g) Frá Umhverfisstofnun, dags. 17. júlí 2014
- h) Frá Ásdísi Brynju Jónsdóttur, dags. 18. júní 2014
- i) Frá Landssamtökum hestamanna, ódagsett
- j) Frá Sigurjóni Guðmundssyni, dags. 29. júlí 2014

**4. Kjör fulltrúa á aðalfund Róta bs.**

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
152. fundur

5. **Fjarskiptamál.**

6. **Önnur mál**

Oddviti setti fundinn kl 13:00.

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Bréf frá skipulagsstofnun dags 20. júní 2014 undir bréf 3 l) liður og fundargerð sameiginlegs fundar fjallskilastjórna Auðkúluheiðar og Grímsungu og Haukagilsheiða dags 18. júlí 2014 undir fundirgerðir lið 2. h).

Oddviti gerði grein fyrir þeim verkefnum sem honum hafði verið falið á síðasta fundi.

1. **Ráðning sveitarstjóra.**

Lagður fram ráðningasamningur við nýjan sveitastjóra Einar Kristján Jónsson. Oddviti gerði grein fyrir samningnum. Samningurinn var samþykktur með fjórum atkvæðum (ÞI, SH, JG, JM.) og þrír sátu hjá. (ÞS, JS, MS.) Oddvita falið að undirrita samninginn fyrir hönd Húnavatnshrepps.

2. **Fundargerðir:**

- a) Fjallskilastjórnar Auðkúluheiðar, dags. 15. júní 2014.  
Lögð fram til kynningar.
- b) Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 12. júní 2014.  
Lögð fram til kynningar.
- c) Stjórnarfundur Fasteigna Húnavatnshrepps ehf, dags 18. júní 2014  
Lögð fram til kynningar.
- d) Aðalfundar Ferðamálafélags A-Hún, dags 7. maí 2014  
Lögð fram til kynningar.
- e) Aðalfundar Auðkúluheiðar ehf, dags 17. júlí 2014  
Lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnarfundur Auðkúluheiðar ehf, dags 18. júlí 2014  
Lögð fram til kynningar.
- g) Fundar hjá Sýslumanninum á Bl. vegna ágreinings um fjallskilamál, dags 28. júlí 2014  
Lögð fram til kynningar. Oddvita falið að hafa samband við Inga Tryggvason hdl. um gerð greinargerðar um málið.
- h) Fundargerð sameiginlegs fundar Fjallskiladeilda Auðkúluheiðar og Grímsungu- og Haukagilsheiða 18. júlí 2014  
Lögð fram til kynningar.

3. **Bréf:**

- a) Frá Hólmgeiri Pálssyni. dags 3. maí 2014.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
152. fundur

Efni: Afsláttur á sorphirðugjaldi

Sveitarstjórn samþykkir að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða sorphirðumál og gjaldskrá fyrir þá þjónustu fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2015.

Skipun nefndar frestað til næstar fundar.

- b) Frá Þórkötlunni Þórisdóttur, dags. 2. júlí 2014  
Efni: Ósk um að sveitarfélagið setji niður rotþró við nýtt hús hennar í Syðri-Brekku.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir að sjá um niðurstöðu á rotþró og siturbeði við nýbyggt íbúðarhús í Syðri-Brekku, í samræmi við þær reglur sem um þær framkvæmdir gilda. Skilyrði fyrir greiðslu úr sveitarsjóði vegna framkvæmdarinnar er að einhver/einhverjir séu skráðir með lögheimili í íbúðarhúsinu.

- c) Frá Birgi Ingbórssyni, dags. 6. júlí. 2014.  
Efni: Athugasemdir við fundargerð fjallskilaneftdar Grímstungu- og Haukagilsheiða dags. 20.6.2014.

Samþykkt að vísa erindinu til fjallskilaneftda Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiða

- d) Frá Sigurði Erlendssyni, dags. 8. júlí.2014

Efni: Athugasemdir við fundargerð fjallskilaneftdar Grímstungu- og Haukagilsheiða dags. 20.6.2014.

Samþykkt að vísa erindinu til fjallskilaneftda Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiða.

- e) Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, dags. 4. júlí 2014.

Efni: Boðun 28. Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. - 26. september 2014

Til kynningar

- f) Frá Landgræðslu ríkisins, dags. 16. júlí. 2014.

Efni: Gerð landbótaáætlana.

Til kynningar

- g) Frá Umhverfisstofnun, dags. 17. júlí 2014

Efni: Samningur um þátttöku ríkisins í kostnaði við refaveiðar.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar og oddvita falið að hafa samband við Umhverfisstofnun um málið.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
152. fundur

h) Frá stjórn Veiðifélags Blöndu og Svartár, dags 24. júní 2014

Efni: Endurgerð atkvæðaskrár félagsins.

Lagt fram til kynningar.

Frá Ásdísi Brynju Jónsdóttur, dags. 18. júní 2014

Efni: Beiðni um styrk vegna þátttöku á alþjóðlegu íþróttamóti “FEIF Youth CUP” á Hólum í Hjaltadal 9. – 20. Júlí 2014.

Samþykkt að styrkja Ásdísi Brynju um 25.000 kr

Erindi í lið j) er um sama mál.

j) Frá Landssambandi hestamannafélaga

Efni: Ásdís Brynja Jónsdóttir í hestamannafélaginu Neista hefur verið valin til að keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðlegu hetaíþróttamóti “FEIF Youth CUP” á Hólum í Hjaltadal 9. – 20. júlí 2014.

Lagt fram til kynningar

k) Frá Sigurjóni Guðmundssyni, dags. 29. júlí 2014

Efni: Fjallskilamál vegna jarðarinnar Fossa í Svartárdal

Erindinu vísað til Fjallskilastjórnar Bólstaðarhlíðarhrepps.

l) Frá Skipulagsstofnun dags 20. júní 2014

Efni: Bréf Skipulagsstofnunar frá 20. júní 2014 þar sem óskað er eftir ákvörðun nýrrar sveitarstjórnar Húnavatnshrepps um það hvort stofnunin eigi nú að hefja vinnu við breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar í samræmi við nýjar málsmeðferðarreglur.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
152. fundur

Á fundi sveitarstjórnar Húnavatnshrepps 6. ágúst 2014 var eftirfarandi bókað um ofangreint erindi:

„Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir að Skipulagsstofnun geri breytingu á Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 til samræmis við fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna þriggja virkjana á veituleið Blönduvirkjunar.“

4. Kjör fulltrúa á aðalfund Róta bs.

Tilnefndir eru sem aðalmenn: Jón Gíslason, Sigrún Hauksdóttir og Þóra Sverrisdóttir

Til vara eru tilnefndir: Einar Kristján Jónsson, Jóhanna Magnúsdóttir og Magnús Sigurðsson.

5. Fjarskiptamál.

Veruleg óánægja er með hraða og áreiðanleika þráðlausa netsins í sveitarfélaginu. Sérstaklega er hraða og stöðugleika netsins ábótavant á álagstímum þ.e. á kvöldin og um helgar. Þjónustuaðili hefur ekki brugðist nægilega við meintum göllum í kerfinu þannig að óhjákvæmilegt er að fá þriðja aðila til að meta gæði þjónustunnar.

Þá hefur ljósleiðari sem lagður var frá Blönduósi til Reykja í tengslum við endurnýjun á hitaveitulögn ekki verið tengdur þannig að hann nýtist íbúum Húnavatnshrepps.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir að fela sveitarstjóra, ásamt atvinnumála- og fjarskipatnefnd Húnavatnshrepps að vinna að málinu og leita leiða til að bæta fjarskiptamál í sveitarfélaginu.

7

6. Önnur mál

Jens Pétur Jensen hefur látið af störfum sem sveitarstjóri Húnavatnshrepps. Sveitarstjórn færir honum bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu Húnavatnshrepps og óskar honum og fjölskyldu hans velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
152. fundur

Skógarkerfill er vágestur sem dreifir sér hratt þar sem hann hefur náð að sá sér. Er það helst á svæðum sem búpeningi er ekki beitt og er því líklegast að hann dreifi sér í vegköntum og skurðum og skurðbökkum sem eru afgirtir. Í Húnavatnshreppi hefur hann verið fram undir þetta á mjög afmörkuðum svæðum eins og til dæmis í kringum og út frá Laxárvatnsvirkjun. Þar sem hann hefur náð að breiða úr sér verður gróðurþekjan mjög einsleit og kaffærir hann annan gróður á þeim svæðum.

Helst er hægt að koma í veg fyrir að hann dreifi sér í miklu mæli ef ráðist er gegn honum sem fyrst þar sem hann hefur stungið sér niður. Árangursríkasta aðferðin virðist vera að slá hann sem fyrst á vorin og sem oftast yfir sumarið þannig að hann nái ekki að fella fræ.

Sveitarstjórn leggur til að farið verði í að kortleggja hvar skógarkerfill er að byrja að sá sér í vegköntum í sveitarfélaginu og að unnið verði að því á þess vegum að hefta útbreiðslu hans með slætti að lágmarki þrisvar á sumri hverju.

Sveitarstjóra er falið að vinna að málinu.

Rætt var um sumarstarfsemi í Húnavallaskóla. Núverandi samningur rennur út eftir sumarið í sumar.

Fleiri ekki gert.

Fundi slitið kl 17:00.

---

Þorleifur Ingvarsson

---

Jóhanna Magnúsdóttir

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Jón Gíslason

---

Sigrún Hauksdóttir

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Jakob Sigurjónsson